

Starfsáætlun leikskólans Stekkjaráss

2016 – 2017



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðslusviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

Tekið skal fram að leikskólar gera jafnréttisáætlun nú og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

Efnisyfirlit

Formáli	2
1. Inngangur	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	5
2.1 Innra mat leikskólans.....	5
2.2 Húsnæði og lóð	6
2.3 Ytra mat	6
2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats.....	7
Samantekt umbótaverkefna fyrir skólaárið 2016-2017	7
2.4 Matsáætlun fyrir skólaárið 2016-2017	8
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	9
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	9
4. Starfsmannamál	9
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí	9
4.2 Starfspróunarsamtöl.....	9
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	9
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	11
5. Aðrar upplýsingar.....	13
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	13
5.2 Foreldrasamvinna.....	13
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla.....	14
5.4 Almennar upplýsingar	14
5.5 Áætlanir	14
Fylgirit.....	15
• Matsgögn – Sjálfsmatsskýrsla, skólaárið 2015-2016 endurmetið.....	15
• Leikskóladagatal - Skóladagatal fyrir skólaárið 2016-2017.	15
• Umsögn foreldraráðs - Umsögn foreldraráðs um starfsáætl fyrir skólaárið 2016-2017.	15
• Annað - Jafnréttisáætlun	15

1. Inngangur

Það sem helst hefur einkennt starf leikskólans síðasta skólaár er að ekki tókst að fylla í öll laus pláss eins og áætlað var. Færri nemendur höfðu áhrif á starfsmannafjöldan sem gert hafði verið ráð fyrir en samt skapaðist vandi að manna í stuðningstöðu hjá barni sem þurfti mjög sértæka aðstoð. Því var bjargað með því að gera breytingu á stöðu verkefnisstjóra í skapandi starfi, sú staða var minnkuð og í staðinn tók hann að sér að sjá um stuðninginn með þessu barni að hluta þar sem verkefnisstjórinn hafði alla hæfni og getu til að sinna þessum stuðningi. Þessi breyting hafði áhrif til hins verra á verkefnisstjórastöðuna en hún varð þessu barni til bjargar því mikill árangur náðist með það. Lítil starfsmennavelta var á skólaárinu. Nýr aðstoðarleikskólastjóri tók til starfa í upphafi skólaárs og nýr deildastjóri tók við á Fífu í september og leysti þar deildastjóra sem fór í fæðingarorlof. Einn starfsmaður hætti á vormánuðum en í staðinn kom starfsmaður úr fæðingarorlofi. Langveikindi starfsmanna hafa einnig komið upp á starfsárinu og einnig veruleg fjarvera tveggja starfsmanna vegna skammtímaveikinda og veiknda barna. Nýjung var fyrirhuguð á skólaárinu vegna ákvarðanna bæjaryfirvalda að taka inn börnum 1. febrúar 2016 sem fædd eru í mars og apríl 2014. Erfiðlega gekk að fá inn börn þar sem foreldrar vildu í einhverjum tilfellum að barnið þeirra byrjaði bara næsta haust. Samt sem áður komu inn nokkur börn fædd 2015 á forgangi en þau komu á mismunandi tímum á vorönninni. Gert hafði verið ráð fyrir börnin sem kæmi í febrúar færu á deildina Álfheima og það kom því í þeirra hlut að taka forgangsbörnin á vorönninni. Álfheimar voru því nánast með börn í aðlögun alla vorönnina sem reyndis erfitt vegna þess að grátur nýju barnanna hafði áhrif á líðan þeirra sem fyrir voru. Í apríl kom í leiksólann kvótaflóttabarn frá Sýrlandi og það var ákveðið lærdómsferill sem fór í gang við það og er enn í gangi.

Áframhaldandi áhersla bæjaryfirvalda á málproska, læsi og áform um aukna áherslu á stærðfræði setti einnig svip á starfið. Óvissa var með fjárstuðning við verkefnið innan skólanna eftir áramótin og fékkst ekkert svar alla vorönnina og enn er þetta í óvissu. Verkefnisstjórastaðan sem við vorum með fyrir áramót, 2 klukkutímar á viku, féll því niður á vorönninni. Verkefnið vannst á því á vorönninni inni á deildum eins og hægt var en lítið hægt að þróa það.

Góður árangur varð af nýjum áherslum okkar í stuðningi við börn með íslensku sem annað tungumál. Stuðningurinn fólst í því að bjóða þessum einstaklingum sérsníðna íslenskukennslu eftir stöðu þeirra í málinu eins og tími okkar og mannauður gaf okkur tilefni til m.a. notuðum við tíma úr svokölluðum þriðja flokki til að sinna þessu. En árangurinn varð góður og ætlunin er að halda þessu áfram með sama hætti.

Ný heimasíða og nýtt kerfi sem taka átti við Netstjórnandanum var í bígerð allt skólaárið. Tafir urðu á innleiðingunni af hendi forritaranna og það var til þess að engri heimasíðu var haldið við. Í staðinn lögðum við áherslu á að leikskólinn setti fréttir og tilkynningar á facebooksíðu leikskólans og sendi tölvupóst og að deildarnar sendu foreldrum rafræn skjöl og myndir með tölvupósti. Þetta er í þróun hjá okkur og heldur áfram af fullum krafti á næsta skóla ári auk þess sem von er á að nýja kerfið fari að virka 100%.

Þátttaka okkar í viðburðum var með hefðbundnu sniði á sl. skólaári og var skóladagatalinu fylgt. Skóladagatal vegna skólaársins 2016-2017 kemur inn á nýja heimasíðu leikskólans í ágúst 2016.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat leikskólans

Verkefnisstjórinn í skapandi starfi lagði sitt mat á stöðu verkefnisstjórans.

Sérkennslustjórinn lagði mat á sitt starf.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru yfir umbótaverkefnisslistann sem settur var fram starfsáætlun fyrir skólaárið 2015 -2016.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru yfir framkvæmd símenntunar á skólaárinu.

Starfsmenn – umræðuhópar fjölluðu um:

- Aldursblöndunina
- Útnámsinð
- Verkefnisstórstöðunnar í skapandi starfs

Starfsmenn – starfsmannasamtöl.

Starfsmenn –viðhorfskönnun á meðal starfsmanna unninn úr ECERS kvarðanum og voru eftir taldir þættir skoðaðir.

- | | |
|--|---------------------|
| • Timi til að vera einn og í friði. | Meðaltal svara: 3,8 |
| • Aðgengi efniviðar/leikefni fyrir börn. | Meðaltal svara: 5 |
| • Að taka á móti börnunum og skila þeim. | Meðaltal svara: 6,5 |
| • Hvíld/svefn/róleg stund. | Meðaltal svara: 5,9 |
| • að klæða sig úr og í. | Meðaltal svara: 5,7 |
| • Málörfun. | Meðaltal svara: 5,5 |
| • Málnotkun. | Meðaltal svara: 5,4 |
| • Hugtakanám/rökhugsun. | Meðaltal svara: 5 |
| • Óformleg málnotkun. | Meðaltal svara: 6,1 |
| • Fínhreyfingar/ skynjun. | Meðaltal svara: 5,5 |
| • Tónlist og hreyfing. | Meðaltal svara: 4,4 |
| • Stærðfræði (tölur, fjöldi, magn ofl.). | Meðaltal svara: 4,8 |
| • "Andinn" í húsinu og starfinu – agi. | Meðaltal svara: 5,5 |
| • Samskipti við börn. | Meðaltal svara: 5,7 |
| • Samvinna starfsmanna. | Meðaltal svara: 6,2 |
| • Foreldrasamvinna. | Meðaltal svara: 5,6 |

Starfið var auk þess metið jöfnum höndum á starfsmannafundum, deildafundum, deildastjórafundum og á fundum samráðsteymis leikskólans.

Michelle, verkefnisstjórinn í skapandi starfi gerði viðhorfskönnun meðal elstubarnanna þar sem viðhorf þeirra til eftirfarandi þátta var metið:

- Mér líður vel í leikskólanum
- Það er gaman að koma í leikskólann
- Kennararnir eru góðir við mig
- Það er gaman í samverustund
- Krakkarnir í leikskólanum eru vinir mínir
- Ég fæ stundum að ráða hvað við gerum í leikskólanum
- Það er gaman úti í leikskólanum
- Það er nóg af leikföngum í leikskólanum
- Það er gaman að fara í salinn
- Það er gaman að fara í Straum og Flæði
- Það er gaman að fara í „gaman saman“
- Maturinn í Stekkjarási er góður
- Það er gott að fara í hvíld
- Það er gaman að leika sér í einingakubbum
- Það er gaman að leika sér í holukubbum
- Hvernig finnst mér í skógarferðum?
- Hvernig finnst mér í "kór"?

Ytra matið þ.e. viðhorfskönnun Skólapúlsins meðal foreldra og viðhorfskönnun Hjördísa Sigursteinsdóttur „Líðan, heilsa og starfstengd viðhorf“ átti einnig að nýtast til innra mats en því miður voru hvorugar þessar kannanna marktækar vegna þátttökuleysis. Ítarlega er gert grein fyrir öllu mati, bæði ytra og innra mati í sjálfsmatsskýrslu leikskólans. Þar er fjallað betur um hvern lið og gert grein fyrir niðurstöðum matsins og umbótaáformum.

2.2 Húsnæði og lóð

Eftirlit með húsnæði og garði er í daglegu eftirliti starfsmanna leikskólans með ábyrgð leikskólastjóra. Starfsmenn deilda sjá um daglega skoðun garðsins og skiftast deildir á viku og viku. Allar athugasemdir eru skráðar í þar til gerðar bækur. Lögð er áhersla á að skráð sé í bækurnar allar athugasemdir sem þarfnast úrbóta og ef þær eru aðkallandi er gert við stax og ef þarf þá er kallað á aðstoð frá þjónustumiðstöð til þess. Þriggja mánaða skoðanir frá þjónustumiðstöð bæjarins eru ekki framkvæmdar samkvæmt skipulagi sem var gert fyrir nokkrum árum en árleg aðalskoðun garðs var framkvæmd 18. apríl 2016 og um hana sá fyrirtækið BSI á Íslandi. Ýmsar athugasemdir voru gerðar og er það í skoðun hjá þjónustumiðstöðinni í hvaða úrbætur verður farið með tilliti til þess sem bráð nauðsynlegt þykir og peningmagns sem er til. Neyðarljós eru skoðuð árlega af rafvirkjum og fór slík skoðun fram í maí 2016. Brunavarnarkerfið var yfirfarið 14. desember 2015.

2.3 Ytra mat

Skólaskrifstofan stendur fyrir foreldrakönnunum annað hvert ár og starfsmannakönnun hitt árið og hefur gert samning við Skólapúlsinn til að sjá um þessar kannanir. Í ár sendi Skólapúlsinn út viðhorfskönnun til foreldra þann 1. mars 2016 og höfðu foreldrar mánuð til að svara. Til að ná marktækri niðurstöðu var markmið að ná yfir 80% svörun frá foreldrum. Það tókst og í heildina má segja að almenn ánægja sé meðal foreldra með starf leikskólans. Hinsvegar er ekki hægt að fara í mjög greinandi athugun á niðurstöðum einstakra þátta vegna þess hve fá svör lágu að baki þeim spurningum sem mynduðu þættina og þar af leiðandi ekki hægt að fá marktæka niðurstöðu í hvern þátt. Leikskólastjóri fór á fund í maí 2016 þar sem farið var yfir spurningar og framkvæmt viðhorfskönnunarnar og skoðað það sem fara meigi betur svo hægt sé að nýta sér niðurstöðurnar. Svo virðist sem fólk opni viðhorfskönnunina, renni yfir spurningarnar, svarar nokkrum en alls ekki öllum undirspurningum sem verður til þess að heildar þátttaka mælist yfir 80% en flest allir undirþættir voru með minna en 50% svörun.

Einnig fór fram viðhorfskönnun sem Hafnarfjarðarbæjar heimilaði og var í samstarfi við Hjördísi Sigursteinsdóttur sem hafði yfirskriftina „Líðan, heilsa og starfstengd viðhorf“. Viðhorfskönnunin var gerð í lok árs 2015 og niðurstöður lágu fyrir í janúar 2016. 47 starfsmönnum Stekkjaráss var send könnunin en einungis 17 svöruðu sem gerir rúmlega 36% þátttöku. Slík þátttaka er ekki næg til að hægt sé að vinna með niðurstöðurnar. Einnig var ýmislegt sérstakt sem kom fram í niðurstöðunum sem gróf undan trúverðugleikanum. T.d. af þessum 17 sem svöruðu voru 5 með meistarapróf eða meira en í Stekkjarási eru eingöngu 3 með slík próf og 1 af þessum 17 segist vinna 11 yfirvinnutíma á viku eða meira en það er enginn sem gerir það. Viðhorfskönnunin var rædd meðal starfsmanna og þátttöku leysið má m.a. rekja til þess að starfsfólki fannst að hægt væri að rekja svörin beint til þeirra, hún væri löng og þegar spurt var um stjórnendur var óljóst við hverja var átt.

Eins og fram kom í kaflanum um innra mat leikskólans þá er ýtarlega gert grein fyrir öllu mati, bæði ytra og innra mati í sjálfsmatsskýrslu leikskólans. Þar er fjallað betur um hvern lið og gert grein fyrir niðurstöðum matsins og umbótaáformum.

2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Innra matið var með hefðbundnu sniði en ytra matið sem gert var varð því miður ekki marktækt vegna þátttökuleysis. Varðandi innra matið var að mestu leiti stuðst við þá matsáætlun sem gerð var fyrir skólaárið fyrir utan að sökum tímaskorts var ekki lagður fyrir starfsfólk á skipulagsdegi í febrúar spurningalisti til að kanna þekkingu þeirra á skólanámskrá leikskólans og grunnþáttum menntunar. Einnig var ákveðið að leggja ekki allan ECKERS kvarðann fyrir heldur velja úr spurningar þar sem vangaveltur eru um að sumt í kvarðanum er barn síns tíma.

Samantekt umbótaverkefna fyrir skólaárið 2016-2017

- Að setja sig í samband við Skólapúlsinn og koma þessum athugasemdum á framfæri og aðstoða þá til að útbúa könnun sem virkar og fær fram gott svarhlutfall.
- Skoða aðstæður í „gaman saman“ út frá öllum hliðum, er hægt að auka ánægjuna þannig að fleiri börn hafi gaman að því að koma og þá hvernig. Þetta var líka á verkefnislista sl. árs.
- Fylgja eftir vinnunni með einingakubbana sem hófst með stuttum námskeiðum Ingibjargar Þórðardóttur á Krummakoti í febrúar.
- Það var á verkefnislistanum sl. ár að skipuleggja samverustundir og fara yfir skipulag í samverustundum og finna jafnvægi á lestri bóka og því að börnunum líði vel. Samkvæmt þeim finnst þeim skemmtilegra að fara í leiki og búa sjálf til sögu en að hlusta á sögu lesna. Það þarf að halda áfram með þetta verkefni.
- Vinna áfram að því að efla sjálfræði barnanna.
- Skoða aðstæður á deildum og ath. hvort hægt sé að skapa svæði á deildinni þar sem börnin geta dregið sig útúr skarkalanum og fundið sér rólegt afdrep.
- Skoða þarf fjölda barna í árgöngum og fjölga yngribarnadeildum í leikskólanum ef árgangarnir telja um 30 nemendur eins og núna virðist vera. Betra er að þrír elstu árgangarnir dreifist á fimm deildir en 6 til að hver árgangur telji að minnsta kosti 6 nemendur.
- Halda áfram á þeirri braut sem við erum á varðandi útinámið en styrkja enn frekar samstarf deilda og að deilda hugmyndum hvað varðar námsframboð.
- Efla virkni allra starfsmanna sem fara í skógarferðir, taka umræður um það á deildum hverjir fara í ferðinar, allir eða bara þeim sem hafa áhuga?
- Verkefnisstjórinn mun leggja fram hugmynd að nýrri starfslýsingu fyrir sig, hlutverki og hvernig hann skiftir tímanum sínum milli deilda og fleira eins og hann sér stöðuna best nýtt. Stjórnendur munu svo fara yfir hvernig hægt er að koma hans hugmyndum í framkvæmd og setja verkefnisstjórástöðuna í nýtt skipulag.
- Fá starfsfólk til að taka þátt í viðhorfskönnunum sem lýtur að starfi þeirra hjá Hafnarfjarðarbæ.
- Fylgja eftir þeirri áætlun sem gerð var á deildarstjórafundi í maí að fagfundir verði 4. október og 1. nóvember 2016 og svo 10. janúar og 2. mars 2017.
- Flokka sorp meira og skoða hvaða möguleika við höfum til að bæta í sorpflokkunina.
- Finna farveg til að endurvekja fræðandi föstudaga.
- Ath. hvort hægt sé og/eða hvort æskilegt sé að vera með nákvæmari símenntunaráætlun.
- Halda áfram með það fyrirkomulag að starfsfólk sem sér um stuðning séu starfsmenn sérkennslustjóra. Sérkennslustjóri á að vera í umræðunni ef breytingar eru á starfi þessara aðila þ.e. þeir fara úr stuðningi í almennt starf þegar dagurinn er settur upp á níu fundi.
- Næsta skólaár verði með svipuðum hætti á skólaári 2015-2016 hvað varðar skipulagið á sérkennslunni. Allir séu með vel skilgreind markmið og leiðir fyrir „sitt“ barn.
- Að nýta þriðja flokkinn að einhverju leyti áfram fyrir erlendu börnin.
- Skilgreina þau börn sem falla undir þriðja flokk vel og gott væri að deildastjórar þyrftu að

sækja um til samráðsteymisins um tímaúthlutun og gera þannig deildastjóranna vel meðvitaða um að ábyrgðin sé þeirra.

- Fylgja þeim áformum um að koma með nýjungar í morgunmat og síðdegishressingu sem var ákveðið að skoða og reyna á nýju skólaári á fundi starfshóps um næringarinnhald og semsetningu matar.
- Halda áfram að þrýsta á fræðslufirvöld í bænum að aðgengi að sérkennslusérfræðingum sé betra og þá aðallega styttri bið í það.
- Unnið verður áfram í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ að bættir viðveru starfsmanna (minnka fjarvistir).
- Skoða virkni „annarra“ á útisvæði í ljósi þess að margir töldu marga aðra starfsmenn óvirka á útisvæði.
- Auka umræðu um að börnin fái tilfinningu fyrir því að þau ráði einhverju.
- Athuga með hvort hægt sé að auka ánægju barnanna í „gaman saman“ með því t.d. að breyta einhverju, stjórnun, uppsetningu eða lagavali.
- Fara yfir skipulag í samverstundum og finna jafnvægi á lestri bóka og því að börnunum líði vel því samkvæmt þeim finnst þeim skemmtilegra að fara í leiki og búa sjálf til sögu en að hlusta á sögu lesna.
- Ath. hvort ástæða sé til að skoða vinnu okkar með einingakubbana til að auka ánægju barnanna af þeim.
- Skoða flestar aðstæður í leikskólastarfinu s.s. hvíld, starf í Straumi og Flæði og fl. staði með tilliti til biðtíma barnanna.
- Vinna að hugmyndum með starfsfólki hvernig endurvinnanlegur efniviður getur nýst í leik og starfi.

2.4 Matsáætlun fyrir skólaárið 2016-2017

- Samráðsteymi metur á samráðsteymisfundum nów. hvernig til hefur tekist í móttöku kvótaflóttabarnsins.
- Í desember gerir verkefnisstjóri í skanpandi starfi endurmat á stöðinni eins og hún er skipulögð fyrir haustönnina.
- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna verður gerð á vorönn. Skólapúlsinn framkvæmir könnunina en skólaskrifstofa Hafnarfjarðar stendur fyrir könnuninni.
- Starfsmannasamtöl. Vorönn.
- Á skipulagsdegi í febrúar verður lagður fyrir starfsfólk spurningarlisti til að kanna þekkingu þeirra á skólanámskrá leikskólans og grunnþáttum menntunar.
- Á skipulagsdegi í maí verður gerð viðhorfskönnun meðal starfsmanna til að kanna viðhorf þeirra til þriggja þátta:
 1. Verkefnisstjórstöðunnar í skapandi starfi eins og hún var framkvæmd þetta skólaárið.
 2. Útnámsins, framkvæmd og gang þess á líðandi skólaári.
 3. Þátttöku og framkvæmd starfsmanna í læsisverkefninu eða eins og nú er rætt um verkefni sem stuðlar að bættri menntun í Hafnarfirði með áherslu á læsi (og stærðfræði).
- Viðhorfskönnun meðal barna gerð í apríl/maí þar sem kannað er viðhorf þeirra til ýmissa þátta í starfinu (sama viðhorfskönnun og gerð var vor 2016).
- Foreldraviðtöl. Vorönn (einnig á haustönn fyrri þá sem vilja).
- Viðburðir og daglegar uppákomur metið á starfsmannafundum, deildarfundum, deildarstórafundum og hjá samráðsteymi leikskólans.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Á næsta skólaári verður lögð áhersla á að fylgja eftir þeirri umbótaáætlun sem sett var fram í kjölfar endumats síðasta skóla árs. Einnig verður áhersla lögð á að fylgja eftir áformum Hafnarfjarðarbæjar á læsisverkefnið „Læsi er leikur“ en verkefnið hefur einkennst af óvissu hvað varðar fjárstuðning og það er líka spurning hvenær og hvernig áhersla á stærðfræði kemur til fræmkvæmda. Sá stýrihópur sem fer fyrir verkefninu mun koma fram með áframhaldandi hugmyndir og nýjar nálganir sem við munum fylgja eftir af fremsta megni. Nýtt skipulag er í undirbúningi fyrir verkefnisstjórstöðuna í skapandi starfi og mun verða lögð áhersla á að fylgja því skipulagi eftir svo þessi staða megi blómstra og færa leikskólanum þau tækifæri sem gefast með stöðunni og hafa sýnt sig hér á árum áður. Við munum koma heimasíðumálum leikskólans í lag og leggja áherslu á að nýja síðan gefi greinagóðar upplýsingar og smáforritið sem fylgir, og er í tengslum við síðuna, verði nýtt sem skyldi.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólakennari	11	90 - 100%	Leikskólakennaramenntun
Leikskólaleiðbeinandi A	4	100%	Önnur uppeldismenntun
Leikskólaleiðbeinandi A	1	40%	Önnur uppeldismenntun
Leikskólaleiðbeinandi B	3	100	Háskólamenntun önnur en uppeldismenntun
Leiðbeinandi Hlíf	28	80 – 100%	Grunnskóla, menntaskóla eða iðmennt.

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Allir starfsmenn eru teknir í starfsmannasamtöl á vorönn ár hvert. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa skipt með sér viðtölunum. Leikskólastjóri tekur samtöl við deildastjóra og aðra millistjórnendur auk nokkurra annarra starfsmanna og aðstoðarleikskólastjóri tekur svipaðan fjölda.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Þegar símenntunaráætlun var gerð fyrir skólaárið 2015 – 2016 lá ekki fyrir hvaða fjármagn fengist fyrir 2016 og þá var komið í ljós að það fjármagn sem fékkst fyrir 2015 var allt upp urið. Því var símenntunaráætlunin gerð þannig að ekki kæmi til aukakostnaður vegna námskeiðshalds og fræðslu til starfsmanna skólaárið 2015 -2016. Flest það sem við lögðum af stað með varðandi símenntun starfsmanna á hausönn gekk eftir.

Nýliðanámskeið færðust reyndar til jan 2016 þar sem beðið eftir fleiri nýliðum og fleir börnum.

Skipulagsdagur 28. sept. 2015

- Michelle kynnti ritgerð sína og umræður urðu um viðhorf starfsmanna til skapandi greina í leikskólastarfi.
- Unnur Henrys sagði frá heimsókn þeirra Hörpu K. til Bretlands þar sem þær kynntu sér útinám. Í kjölfarið var verkefnavinna í tengslum við námstækifærin í útináminu.

- Berglind mannauðsstjóri kom og fór yfir réttindi og skyldur starfsmanna.
- Fyrirlestur í Áslandsskóla um verkefni bæjarnis „Læsi er lífsins leikur“.

Málstofur á skipulagsdegi 20. nóv 2015

- Grunnurinn í starfsaðferðum, skapandi starf - Reggio Emilia. Michelle.
- Útinám – tengt áherslum á læsi. Unnur.
- Skráningar – uppeldisfræðilegar skráningar. Margrét Braga.
- Spilin og námsefni sem til er í Hamri. Agnes – Hamri.
- Málörvun – Harpa Kolbeins.
- Útisvæðið – möguleikar, virkni og hlutverk starfsmanna. Steina.
- Samverustundir – Alda Agnes
- Námsgögn gerð úr allskonar „sama hugsun, annar efniviður“ Unnur
- Ábyrgð til starfs – hvernig starfsmaður er ég. Michelle.
- Jafnrétti í leikskólanum og umræður. Sverrir.

Starfsmenn sóttu eftirfarandi námskeið á haustönn:

- 15. sept. Með leikgleði lærum við. Tveir starfsmenn.
- 17. sept. Námskeið fyrir deildastjóra. Tveir starfsmenn.
- 22. sept. Hugleiðsla, slökun og jákvætt hugarfar fyrir starfsfólk leikskóla. – Kraganámskeið. 5 starfsmenn
- 30. sept. Barnið í leik. Tveir starfsmenn.
- 6. okt. iPad fyrir byrjendur. 1 starfsmaður.
- 28. okt. Myndataka og skráning. Tveir starfsmenn
- 3. nóv. Læsishvetjandi umhverfi. 1. starfsmaður.
- 10. nóv. Tónlist með börnum. Tveir starfsmenn.

Aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri sóttu stjórnendanámskeið í boði skólaskrifstofunnar á vegum Þekkingarmiðlunar þrjú skifti fjórir tíma í senn á haustönninni .

- Sjálsskoðun og niðurstöður stjórnendamats.
- Stjórnendahlutverkið.
- Ráðningar og móttaka nýliða.

Símenntunaráætlunin vegna vorannar 2016 var bæði minna áætluð fyrirfram og það sem áætlað var riðlaðist meira til.

Nýliðanámskeið sem fyrirhuguð voru um haustið voru haldin í jan 2016.

- Skapandi starf í Stekkjarási – Michelle.
- Stuðningskennsla – Agga.
- Starfsmannahandbókin – Sverrir.
- Viðverustefnan, vinnustund og ýmislegt hagnýtt – Alda.
- Skólanámskráin – Sverrir.

Skipulagsdaginn 4. janúar var fyrirhugað að vera með uppeldisfræðilegarskráningar en skólaskrifstofan bauð öllum starfsmönnum í leikskólum í Hafnarfirði upp á tvo fyrirlestra fh. þennan dag sem starfsfólk hafði mikin áhuga á og því var það tilboð tekið fram yfir. Farið var í Víðistaðarkirkju þar sem hlítt var á Atli Viðar Bragason fjalla um kvíða barna og Jónínu frá Virk endurhæfingarstöð fjalla um viðverustjórnun. Eftir hádegi var Michelle verkefnastjóri í skapandi starfi, með fyrirlestur um starfshætti í anda Reggio Emilia.

Skipulagsdagur 24. febrúar. Stýrihópur um bættan námsárangur í Hafnarfirði sá um fræðslu og umræður fyrir hádegi og var hann sameiginlegur öðrum leikskólum í Hafnarfirði. Starfsmenn gátu valið um færðslu hjá Rannveigu Á Jóhannsdóttur – yngra leikskólastig í Víðistaðaskóla eða hjá Bryndísi Guðmundsdóttur – eldra leikskólastig í Hraunvallaskóla. Eftir hádegi var skyndihjálparnámskeið keyrt fyrir alla starfsmenn. Það voru það margir nýliðar sem kölluðu eftir skyndihjálparnámskeiði að það þótti ekki annað fært en að fá slíkt námskeið inn þar sem þetta er mikið öryggisatriði.

23. til 29. apríl fóru tveir starfsmenn til Litháen að skoða útleiksóla. Öðrum starfsmanninum var boðið en hinn fór á styrk. Starfsmennirnir gerðu grein fyrir ferðinni á starfsmannafundi 6. júní 2016.

Á tveggja tíma deildarfundi hjá Stekk í apríl og á skipulagsdegi 17. maí í einn og hálfan tíma var fræðsla um kvótaflóttafólk. Nauðsynleg fræðsla þar sem í lok apríl byrjaði drengur í leikskólanum fæddur 2011 sem er kvótaflóttamaður. Hrafnhildur Kvaran sá um fræðsluna.

Fræðandi föstudagar féllu niður á þessu skólaári þar sem víða voru þrír starfsmenn á deild og ekki hægt að tví skifta kaffitímum sem er grundvöllur þess að þetta var hægt. Hugmyndin var að reyna að færa þá yfir á starfsmannafundi en það gekk ekki eftir.

Aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri sóttu seinni hluta stjórnendanámskeið á vegum þekkingarmiðlunar í fjögur skifti fjórir tíma í senn.

- Tímastjórnun og fundarstjórnun.
- Erfið starfsmannamál.
- Fjarvistastjórnun.
- Breytingastjórnun.

Auk þess sem þeir sóttu stjórnendanámskeið fyrir alla stjórnendur hjá Hafnarfjarðarbæ tvö skifti á vorönn. Umsjón Ingvar Jónsson. Einnig sóttu þeir námskeið á vegum stýrihóps um bættan námsárangur í Hafnarfirði sem fjallaði um stýringu á þróunarverkefnum.

Umbótarverkefni:

- Finna farveg til að endurvekja fræðandi föstudaga.
- Ath. hvort hægt sé og/eða hvort æskilegt sé að vera með nákvæmari símenntunaráætlun.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Ekki er vitað hvaða fjármagn fæst til símenntunar fyrir árið 2017 en gert ráð fyrir sama fjármagni og var úthlutað vegna 2016. Þegar líður á skólaárið er dregið úr skipulagi símenntunar þar sem svigrúm þarf að vera til að bregðast við þörf sem getur skapast fyrir símenntun vegna gang mála eða nýrra verkefna sem ekki eru fyrir séð.

Nýliðanámskeið verða haldin í október með eftirfarandi skipulagi (Umsjón heimamenn, ábrygð leikskólastjóri):

- Skapandi starf í Stekkjarási – Verkefnisstjóri í skapandi starfi.
- Stuðningskennsla – Sérkennslustjóri.
- Starfsmannahandbókin – Aðstoðarleikskólastjóri.
- Viðverustefnan, vinnustund og ýmislegt hagnýtt – Leikskólastjóri.
- Skólanámskráin – Aðstoðarleikskólastjóri.

Starfsmannafundur 6. sept. Kynning á jafnréttisáætluninni og umræður. Umsjón heimamenn, ábyrgð leikskólastjóri.

Á skipulagsdegi 28. september 2016. Hópeflisnámskeið með námstengdu ívafi. Jóga, leiklist, útiildun, sjónlist. Leitað til aðila utan leikskólans með suma af þessum þáttum en aðra sjá heimamenn um. Ábyrgð verkefnisstjóri í skapandi starfi.

Í október fara tveir starfsmenn til Seattle að skoða leikskóla sem Tom Shea rekur. Þetta er skifti heimsókn en við tókum á móti hópi frá Tom 2015 og í staðinn bauðst okkur tveir miðar í þessa ferð.

21. nóvember 2016. Stýrihópur um bættu menntun í Hafnarfirði stendur fyrir fræðslu og umræðum fh. í tengslum við læsisverkefnið. Fræðsla á nýju tölvukerfi og heimasíðu leikskólans „Karellen“ 2 tímar. Umsjón heimamenn, ábyrgð leikskólastjóri.

4. janúar 2017. Námskeið í starfsaðferðum Reggio Emilia – utanaðkomandi aðili fengin til að sjá um fræðslu. Skólanámskráin kynnt og fræðsla verður um grunnþætti menntunar sem hún byggir á. Umsjón heimamenn, ábyrgð leikskólastjóri.

22. febrúar 2017. Áætlanir sem til eru innan leikskólans kynntar fyrir starfsmönnum nema jafnréttisáætlunin sem unnið var með á starfsmannafundi í sept 2016.

- Áætlun um forvarnir- og lýðheilsu
- Áætlun vegna skoðun garðs
- Áætlun um foreldrasamstarf
- Áætlun um móttöku nýnema (ferli)
- Áætlun um hvernig unnið skal í sambandi við aga
- Viðbragðsáætlun við áföllum og slysum
- Viðbragðsáætlun vegna slysa (ferli)
- Viðbragðsáætlun um fyrstu viðbrögð þegar brunabjallan fer af stað (ferli)
- Viðbragðsáætlun um fyrstu viðbrögð þegar brunabjallan fer af stað (ítarlegt)
- Viðbragðsáætlun vegna bruna - rýming húsnæðis (ferli)
- Viðbragðsáætlun þegar barn finnur sprautu eða sprautuhluta (ferli)
- Viðbragðsáætlun vegna eineltis (bæði börn og starfsmenn)
- Viðbragðsáætlun vegna inflúensu
- Viðbragðsáætlun ef óveður geysar
- Viðbragðsáætlun þegar vaknar grunur um ástæðu til að tilkynna til barnaverndar
- Reglur í sambandi við lyfjagjafir

Auk þessa verða starfsmenn hvattir til, og þeim veitt svigrúm eins og hægt er, að sækja námskeið á vegum skólaskrifstofu og á önnur námskeið sem þeim býðst eða vilja fjármagna með styrkjum sinna stéttarféлага.

Fyrirhugað er að endurvekja fræðandi föstudaga í einhverri mynd og þar gefst starfsmönnum tækifæri til að koma með örfræðslu, miðla og læra.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí.

- Fjöldi barna í leikskólanum: 166.
- Kynjahlutfall: 87 drengir og 79 stúlkur.
- Dvalarstundir: 1386
- Deildargildi: 9,11
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu smkv. Greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2 flokki: 5.
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað): 28 börn
- Fjöldi barna með ofnæmi: 1
- Fjöldi barna með fæðuóþol: 11
- Fjöldi tungumála: 10 (Portúgalska, rússneska, þýska, pólska, sýrlenska, danska, litháíska, albanska, spænska og enska).
- Þjóðerni forsjáraðila: 9 Pólland, 2 Spánn, 2 Mexiko, 3 Rússland, 2 Portúgal, 1 Litháen, 1 Lettland, 2 Þýskaland, 1 Filippseyjar, 1 Danmörk, 1 Sýrland og 1 Albanía.

5.2 Foreldrasamvinna

Foreldraráð: Þrír til fjórir fulltrúar foreldra skipa foreldraráð leikskólans Stekkjaráss og fleiri allt að sjö ef foreldrar gefa kost á sér. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins í september ár hvert. Foreldraráð starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Hlutverk foreldraráðs er:

- Að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2 mgr. 5. gr. um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.
- Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.
- Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrar barna á Stekkjarási geta leitað beint til foreldraráðsins ef málefni eru þess eðlis að foreldrar vilja ekki leita til leikskólans beint. Foreldraráðið metur hvert tilfelli fyrir sig og ákveður, á fundi, framhald málsins, hvort það sé tilkynnt leikskólustjóra Stekkjaráss eða hvort nauðsyn þykir að hafa samband við skólayfirvöld í Hafnarfirði. Foreldraráð starfar sjálfstætt og heldur fundi eins og fulltúar ráðsins telja þörfina vera en vinna samt sem áður í góðri samvinnu við leikskólustjóra

Foreldrafundir: Haldnir eru foreldrafundir fyrir alla nýja foreldra rétt fyrir miðjan ágúst ár hvert. Þar fá nýir foreldrar tækifæri á að kynna leikskólanum og áherslum hans.

Í október eru foreldrafundir þar sem starfið er kynnt og farið er yfir hagnýt atriði. Fundirnir fara fram milli kl. 15 og 16 og haldnir í tveimur hlutum annarveggar fyrir deildar sem snúa út að garði og hinsvegar fyrir deildar sem snúa út að götu.

Foreldraviðtöl: Foreldrum standa til boða tvö viðtöl á ári. Eitt á hasutönn og annað á vorönn. Reynt er að fá alla foreldra í viðtal á vorönninni þ.e. gengið er á eftir þeim að koma í viðtal en haustviðtölin eru meira í boði fyrir þá sem skrá sig og mæta án hvatningar. Í viðtölum á haustönn er rætt um væntingar foreldra, hugsanlegar vangaveltur um stöðu barnsins og starf komandi starfsárs en á vorönn er farið ýtarlega yfir stöðu hvers barns. Auk þessa geta foreldrar alltaf óskað eftir viðtali þess á milli.

Foreldrafélag: Foreldrafélag er við leikskólann. Stjórn foreldrafélagsins er kosin á aðalfundi foreldrafélags leikskólans í september ár hver. Í stjórn sitja að meðaltali einn fulltrúi frá hverri deild og fleiri frá deildum ef fólk gefur kost á sér. Foreldrafélagið bætir við starf leikskólans með margvíslegum stuðningi m.a. heldur jólaball, býður í sveitaferð, heldur sumarhátíð auk þess sem það styrkir útskrifarferð elstu barnanna, kaupir inn tónleika á öskudaginn og jólaleikrit í desember svo eitthvað sé nefnt.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Leikskólinn Stekkjarás er í samstarfi við tvo grunnskóla, bæði Áslandsskóla og Hraunvallaskóla þar sem frá því að leikskólinn opnaði hefur svipaður fjöldi nemenda verið að fara í þessa tvo grunnskóla á hverju ári. Um er að ræða 15 til 20 nemendur í hvorn skóla.

Dagskráin er mjög svipuð í báðum skólum og er einnig svipuð frá ári til árs. Í október fara nemendur í heimsókn í grunnskólana þar sem starfsmaður tekur á móti börnunum og sýnir þeim vistaverur skólans t.d. skólastofur, bókasafn og matsal. Í apríl fara börnin í lengri heimsóknir. Dvelja í tvo til þrjá klukkutíma og taka þátt í skólastund, frímínútum og borða nesti.

Við leitum einnig eftir samvinnu við þá grunnskóla sem taka við einum og einum nemenda frá okkur og undantekninga laust er það auðsótt. Í þeim tilfellum fá viðkomandi nemendur að koma í stutta heimsókn með félögum sínum til að skoða lóðina umhverfis grunnskólann og stundum húsakynni.

5.4 Almennar upplýsingar

Skipulagsdagar næsta skólaárs eru 5 og koma þeir fram á skóladagatali leikskólans. Þeir eru allir sameiginlegir öðrum leik- og grunnskólum í Hafnarfirði og eru eftirfarandi:
28. september og 21. nóvember 2016 og 4. janúar, 22. febrúar og 29. maí 2017

5.5 Áætlanir


Eftirtalar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
 - einelti
 - ofbeldi
 - annað
- Viðbragðsáætlun við.
 - slysum
 - áföllum
 - annað
- Öryggisáætlanir
 - Rýmingaráætlun
 - Vinnuverndaráætlun
 - Öryggishandbók
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun skal skila sem viðhengi við áætlunina.

Fylgirit

- Matsgögn – Sjálfsmatsskýrsla, skólaárið 2015-2016 endurmetið.
- Leikskóladagatal - Skóladagatal fyrir skólaárið 2016-2017.
- Umsögn foreldraráðs - Umsögn foreldraráðs um starfsáætl fyrir skólaárið 2016-2017.
- Annað - Jafnréttisáætlun

Hafnarfirði, 30 júní 2016.



Leikskólastjóri